



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Innviðaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 21. nóvember 2022

2211035SA KB
Málalykill: oo.64

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stefnumarkandi stefnur, S-210/2022

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 4. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til laga um stefnumarkandi stefnur á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála.

Markmið frumvarpsins er að efla og samhæfa stefnumótun og áætlanagerð í þeim málaflokkum sem nú heyra undir innviðaráðuneytið. Ráðgert er að fella á brott lög um samgönguáætlun og lög um byggðááætlun og sóknaráætlanir og að breytingar verði gerðar á lögum um húsnæðismál og skipulagslögum. Í staðinn koma ákvæði frumvarpsins um samhæfðar áætlanir á þremur sviðum en gert er ráð fyrir að nýleg ákvæði um stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga verði áfram í sveitarstjórnarlögum.

Afstaða sambandsins

Að mati sambandsins hefur innviðaráðuneytið, og fyrirrennarar þess, sýnt mikinn metnað á undanförunum árum við að uppfæra verklag við gerð stefnumótunar á málefnasviðum ráðuneytisins. Að sama skapi hefur eftirfylgni með stefnum og áætlunum verið bætt sem skilar sé í markvissari innleiðingu. Fyrir þetta brautryðjendastarf á ráðuneytið hrós skilið.

Að mati sambandsins er margt jákvætt við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu en tilefni er þó að koma nokkrum ábendingum á framfæri:

Skortur á markmiðsákvæði

Verði frumvarpið samþykkt falla úr lögum ákvæði sem kveða á um þau markmið sem hafa skal til hliðsjónar við gerð viðkomandi áætlana. Er þar aðallega verið að vísa til eftirfarandi:

- *Við gerð samgönguáætlunar skal m.a. byggja á þeim meginmarkmiðum að samgöngur séu greiðar, hagkvæmar, öruggar og umhverfislega sjálfbærar auk þess sem þær stuðli að jákvæðri byggðapróun.” (3. málsl. 2. mgr. 2. gr. laga 33/2008)*
- *„Byggðááætlun skal hafa að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstaka áherslu skal leggja á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.” (2. máls. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2015)*
- *„Við gerð tillögunnar skal m.a. höfð hliðsjón af upplýsingum á sviði húsnæðismála sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur safnað og húsnæðisáætlunum sveitarfélaga og upplýsingum um framkvæmd þeirra. Enn*

fremur skal höfð hliðsjón af umræðum á húsnæðisþingi. Þingsályktun um stefnumótun á sviði húsnæðismála skal fela í sér verkefni sem ætlað er að tryggja landsmönnum öruggt húsnæði.” (2. mg 3. másl. 14. gr. b. laga nr. 44/1998)

Að mati sambandsins er þetta verulegur ókostur enda geta markmiðsákvæði gagnast vel sem leiðarljós í stefnumótun. Er mælt til þess að bætt verði úr þessum annmarka áður en frumvarpið er lagt fram á Alþingi.

Breytingar á skipan ráða og formlegu samráðsferli

Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi þrjú ráð, samgönguráð, byggðamálaráð og húsnæðis- og skipulagsráð, sem gera tillögur til ráðherra að stefnum hvert á sínu sviði, að fengnum áherslum ráðherra. Ráðin skulu skipuð þremur fulltrúum, þar af einum sem tilnefndur er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Hér er um töluverðar breytingar að ræða þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir því að forstöðumenn stofnana og starfsmenn ráðuneytisins verði með föst sæti í ráðum. Í greinargerð með ákvæðinu segir að þeir muni þó áfram koma að vinnu ráðanna ásamt öðrum sérfræðingum eftir þörfum. Þá muni tillögur ráðanna jafnframt byggjast á undirbúningsvinnu sem unnin er í ráðuneytinu og stofnunum þess í samræmi við áherslur ráðherra.

Hvað varðar landsskipulagsstefnu er einnig um að ræða verulegar breytingar en núgildandi lög kveða á um beina aðkomu annarra ráðuneyta sem og sérstaka ráðgjafanefnd þar sem sambandið á tvo fulltrúa. Jafnframt skal starfa samráðsvettvangur um mótun stefnunnar, þar sem fulltrúar margra sveitarfélaga hafa tekið þátt í ferlinu.

Í stað þessa lögbundna samráðsfyrirkomulags er í frumvarpinu að finna grein um samráð sem er mjög opin en í skýringum segir að það sé mat ráðuneytisins að ekki þurfi að greina ítarlega frá tilhögun samráðs. Hins vegar er opnað á það að nánari ákvæði um samráð verði sett í reglugerð.

Sambandið telur afar mikilvægt að skýrt verði kveðið á um aðkomu sveitarstjórnarstigsins að mótun landsskipulagsstefnu. Eðli málsins samkvæmt skipta þeir málaflokkar sem hér eru undir miklu máli fyrir sveitarfélögin og það er til að mynda mikilvægt að við mótun áherslna liggja fyrir sjónarmið bæði höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar, m.a. varðandi málefni miðhálandisins. Að mati sambandsins er því vert að skoða hvort að fjölga eigi í viðkomandi ráði ásamt því að tryggja víðtækt samráð við sveitarfélög og landshlutasamtök.

Í þessu sambandi má nefna að gert er ráð fyrir að stýrihópur stjórnarráðsins í byggðamálum starfi áfram enda tiltekið í skýringum að starfsemi hans hafi gefið góða raun. Sömu sjónarmið geta einnig átt við um gerð landsskipulagsstefnu.

Inntak landsskipulagsstefnu

Frumvarpið gerir ráð fyrir töluverðri breytingu á vinnulagi við gerð landsskipulagsstefnu og er vinnsla hennar m.a. færð frá Skipulagsstofnun og inn í ráðuneytið. Sveitarfélögin voru mjög tortryggin í garð landsskipulagsstefnu og gagnsemi hennar í aðdraganda setningar skipulagslaga. Í tengslum við þessar

breytingar telur sambandið því eðlilegt að tekin verði vönduð umræða um það hvernig til hefur tekist með núgildandi stefnu og að mótuð verði sýn á landsskipulagsstefnu til framtíðar.

Tilfni er m.a. til að spyrja hvort þörf er á jafn viðamikilli stefnu og núgildandi stefna er eða hvort þetta verkfæri frekar að vera í takt við framkvæmdaáætlanir í öðrum málaflokkum. Einnig mætti líta til reynslu nágrannalanda af samskonar vinnu og þá jafnframt að hvaða marki vandaðar leiðbeiningar um helstu áskoranir í skipulagsmálum geti komið að sama gagni.

Að lágmarki telur sambandið þörf á að orðuð verði í lögum sú meginregla að ráðherra skuli hafa það að leiðarljósi að landsskipulagsstefna skerði ekki að óþörfu skipulagsvald sveitarfélaga.

Breytingar á heiti sóknaráætlana


Frumvarpið gerir ráð fyrir að það verkfæri sem nú nefnist í lögum „sóknaráætlanir landshluta“ breytist í „landshlutastefnur“. Rök fyrir þessar breytingu er ekki að finna í skýringum og hefur sambandið efasemdir um að þessi breyting sé til bóta. Það er búið að leggja mikla áherslu á að kynna sóknaráætlanir landshlutanna og eiga þær m.a. sérstakt lógó. Þá er hugtakið stefna töluvert víðtækara en hugtakið áætlun og því ákveðin hætt á misskilningi um það hvaða hlutverki verkfærinu er ætlað.

Að lokum

Með vísan til framangreinds óskar sambandið eftir samtali við ráðuneytið um frumvarpið og mögulegar breytingar á því áður en það verður lagt fram á Alþingi.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri